

7.febrúar 2013
1301297

Nefndasvið Alþingis
nefndasvið@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með skeyti dags. 31. janúar 2013 leitaði velferðarnefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um hækkun frítekjumarka í ýmsum bótaflokkum almannatrygginga, mál 454, þing 141.

Það er ekki á verksviði Seðlabankans að hlutast til um félagsmálastefnu stjórnvalda, en bankinn lætur sig varða afkomu ríkissjóðs. Kostnaðarmat fylgir ekki þessu frumvarpi frekar en alla jafna er um þingmannafrumvörp. Þó má ráða af mati í hliðstæðum þingmálum (hækkanir í lögum 17/2008 mál 410 á 135. þingi og skerðingar í lögum 70/2009, mál 118 á 137. þingi), að kostnaður gæti orðið af stærðargráðunni 3 ma.kr. á ári. Sá fjármálavandi sem varð til þess að frítekjumörk voru hækkuð í mars 2009, er enn fyrir hendi, þótt við honum hafi verið brugðist með skattahækkunum og niðurskurði. Vaxtagjöld, atvinnuleysisbætur og skuldir ríkissjóðs eru enn mjög há. Því telur Seðlabankinn ekki svigrúm fyrir útgjöld skv. þessu frumvarpi nema á móti takist að hækka aðrar tekjur eða lækka gjöld.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

Þórarinn G. Pétursson
aðalhogfræðingur